



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

Sjálfsmatsskýrsla  
Menntaskólans við Sund  
skólaárið  
2017-2018

---

Virðing – Jafnrétti – Ábyrgð - Heiðarleiki

**Efnisyfirlit**

Efnisyfirlit .....	2
Listi yfir myndir .....	3
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>4</b>
<b>2 Almennar upplýsingar .....</b>	<b>6</b>
2.1 Markmið .....	6
2.2 Nemendur .....	6
2.3 Starfsfólk.....	7
<b>3 Stefna ríkisaðila og sjálfsmat Menntaskólans við Sund til þriggja ára .....</b>	<b>8</b>
3.1 Hlutverk og framtíðarsýn .....	8
3.2 Kjarnastarfsemi .....	8
3.2.1 Aðgerðir gegn brotthvarfi .....	9
3.2.2 Efling gæði náms og námsmats.....	9
3.2.3 Innleiðing þriggja anna kerfis .....	9
3.3 Rekstrarþættir .....	10
<b>4 Markmið í skólasamningi og mat á því hvernig tókst að vinna að þeim .....</b>	<b>10</b>
<b>5 Aðgerðaráætlun og mat á því hvernig skólinn vann að settum markmiðum</b>	<b>11</b>
5.1 Meginmarkmið .....	11
5.1.1 Þróun þriggja anna kerfisins.....	11
5.1.2 Innleiðing nýrrar námskrár.....	12
5.1.3 Kennslufræði og námsmat í nýrri námskrá .....	12
5.1.4 Skólabragur í nýju námsumhverfi.....	12
5.1.5 Endurmenntun og starfsþróun .....	14
5.2 Kannanir .....	14
5.2.1 Nemendakönnun.....	14
5.2.2 Umræðufundur með nemendum.....	15
5.2.3 Starfsmannakönnun .....	16
<b>6 Árangur nemenda.....</b>	<b>22</b>
6.1 Námsárangur.....	22
6.2 Miðannarmat/stöðumat.....	23
6.3 Umræður um töluleg gögn um námsárangur .....	23
<b>7 Námssamfélag starfsmanna .....</b>	<b>24</b>
7.1 Starfendarannsóknir .....	24
7.2 Þróunarverkefni um leiðsagnarnám .....	24
7.3 Þróunarverkefni og árangurstenging við launa.....	25
7.4 Endurmenntun .....	26
<b>8 Lokaorð .....</b>	<b>27</b>
Heimildir.....	29

**Listi yfir myndir**

Mynd 1: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára. ....	4
Mynd 2: Frá brautskráningu nýstúdenta úr bekkjarkerfi vorið 2018. ....	7
Mynd 3: Frá brautskráningu nýstúdenta úr þriggja anna kerfi vorið 2018. ....	7
Mynd 4: Niðurstöður nemendakönnunar á vetrarönn 2017 og vorönn 2018. ....	15
Mynd 5: Viðhorf starfsfólks í MS til þess hvernig því líður í vinnunni vor 2018. ....	17
Mynd 6: Viðhorf starfsfólks MS til starfsandans í MS vor 2018. ....	17
Mynd 7: Viðhorf kennara til faglegs samstarfs í deildum. ....	18
Mynd 8: Viðhorf kennara í MS til upplýsingastreymis innan skólans vor 2018. ....	19
Mynd 9: Viðhorf kennara í MS til kennslufyrirkomulags í þriggja anna kerfinu. ....	20
Mynd 10: Viðhorf kennara í MS til þess hvernig þeim tekst að innleiða kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda í kennslunni. ....	21
Mynd 11: Viðhorf kennara í MS til þess hvernig þeim tekst að innleiða verkefnabundið nám í kennslunni. ....	22
Mynd 12: Einkunnadreifing áfanga í þriggja anna kerfi vorönn 2018. ....	23

## 1 Inngangur

Í stefnu Menntaskólans við Sund sem skólinn skilaði haustið 2017 til Menntamálaráðuneytisins eru sett fram meginmarkmið skólans til þriggja ára. Árlega setur skólinn sér markmið í samræmi við stefnu sína og kynnr aðgerðaáætlun. Í eftirfarandi skýrslu verður gerð grein fyrir helstu þáttum sjálfsmats og þróunarstarfs í MS með hliðsjón af markmiðum og aðgerðum MS 2017-2018.

Umbótaáætlun Menntaskólans við Sund (MS), nefnd aðgerðaáætlun hér á eftir, er sett fram í markmiðum og aðgerðum hvers skólaárs, kynnt á skólafundi í upphafi skólaársins og birt á heimasíðu skólans. Áætlunin er byggð á útkomu úr sjálfsmati fyrra skólaárs, þar á meðal niðurstöðum starfsmanna- og nemendakannanna og samningum MS við samstarfsnefnd KÍ.

Sjálfsmatsáætlun sem er byggð á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu skólans er gerð til þriggja ára í senn og birt á heimasíðu skólans. Einnig er sett fram tímaáætlun fyrir hvern sjálfsmatsþátt, sjá mynd 1. Sjálfsmat skapar faglegan grundvöll að umbótastarfi og markmiðið er að nýta stofnunarmenningu og mannauð skólans til að móta sjálfsmatsaðferðir MS.



### Sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára 2017-2020

Sjálfsmatsþáttur	Haustönn 2017	Vetrarönn 2017	Vorönn 2018	Haustönn 2018	Vetrarönn 2018	Vorönn 2019	Haustönn 2019	Vetrarönn 2019	Vorönn 2020
Aðgerðaáætlun skólans									
Sjálfsmatsáætlun skólaárs									
Nemendakönnun									
Sjálfsmat nemenda									
Starfsmannaviðtöl rektors við nýja kennara									
Starfsmannakönnun									
Hugmyndabanki á Námsneti									
Mat á stjórnendum									
Tölfræði um námsrángur nemenda									
Starfendarannsókn									
Fundir sjálfsmatshóps með tenglum nemenda									
Rýnihópur nemenda um nýja námskrá									
Fundir stjórnenda og kennara faggreina									
Starfshópar um þróun skólastarfs									
Niðurstaða úr sjálfsmati skólaársins									

Mynd 1: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára.

Sé litið til tímaáætlunar til þriggja ára (mynd 1) er skemmst frá því að segja að skólanum tókst að fylgja flestum þáttum fyrir utan það að rýnihópur um nýja námskrá starfaði ekki og nemendakönnun fór ekki fram á fyrstu önn skólaársins, haustönn.

Skólaárið 2017-2018 var Jón Egill Unndórsson, kennari í eðlisfræði, verkefnisstjóri sjálfsmats. Starfshópur um sjálfsmat skólans stýrir sjálfsmatsvinnunni en hann skipa verkefnisstjóri, konrektor, 3-4 fulltrúar kennara/starfsmanna og 3-4 fulltrúar nemenda.

Verkefnisstjóri stýrir fundum sjálfsmatshópsins, ritar fundargerðir og ritar árlega skýrslu um starf hópsins. Skólaárið 2017-2018 skipuðu starfshópin ásamt verkefnisstjóra; Helga Sigríður Þórsdóttir, konrektor; Brynja Gunnlaugsdóttir, líffræðikennari, Petrína Rós Karlsdóttir, frönskukennari, Unnur Sigmarsdóttir, efnafræði-kennari, Þórunn Steindórsdóttir félagsfræðikennari og Dögg Árnadóttir skrifstofustjóri (Jón Egill Unndórsson, 2018). Ármaður skólafélagsins var boðaður á hvern fund en mætti ekki. Nemendur áttu því engan fulltrúa í sjálfsmatshópnum þetta skólaárið. Hópurinn hélt þrjá formlega fundi á skólaárinu, einn á hverri önn.

Skólaárið 2017-2018 var markmiðs- og aðgerðaáætlun um sjálfsmat með svipuðum hætti og árið áður. Áætlunin skiptist í árleg verkefni og ný verkefni. Árleg verkefni eru:

- Matshópur starfi áfram með 4 fulltrúum starfsmanna og 4 fulltrúum nemenda auk sjálfsmatsstjóra og konrektors.
- Setja fram sjálfsmatsáætlun 2017-2020.
- Vinna sjálfsmatsskýrslu 2016-2017.
- Halda fund með tenglum nemenda.
- Þróa áfram starfendarannsóknir og fá nýja kennara með.
- Fundir stjórnenda með fagdeildum.
- Starfsmannaviðtöl rektors með nýjum starfsmönnum.
- Kennslukönnun í lok hvefrrar annar.
- Starfsmannakönnun vor 2018.
- Mat á stjórnendum.
- Taka saman gögn um námsárangur í lok hvefrrar annar.

Ný verkefni í aðgerðaáætlun 2017-2018:

- Efla rýnihóp nemenda um nýja námskrá.
- Finna leiðir til að meta innleiðingu nýrrar námskrár og nýs þriggja anna kerfis.
- Þróa nýtt tenglakerfi í stað bekkjartenglakerfisins.
- Hvetja stjórnendur, fagstjóra, oddvita og verkefnisstjóra til öflugrar upplýsingagjafar um starf sitt, ritunar fundargerða á fundum sínum og skýrslu í lok skólaársins.
- Endurskoða spurningar í mati á stjórnendum í ljósi nýs þriggja anna kerfis og nýrra verkefna í MS.

Um framkvæmd þessara verkefna er fjallað nánar hér á eftir í skýrslunni.

Sjálfsmatsstefnu MS er að finna á heimasíðu skólans :

(<https://msund.is/skolinn/stefna-skolans/sjalfsmatsstefna/adgerdaaetlun-i-sjalfsmati-2017-2018>)

## **2 Almennar upplýsingar**

### **2.1 Markmið**

Frá skólaárinu 2015-2016 hóf Menntaskólinn við Sund að bjóða upp á möguleika á þriggja ára stúdentsprófi samkvæmt nýrri námskrá skólans. Skólaárið 2016-2017 var bekkjakerfið lagt niður og námið skipulagt á þremur önnum yfir skólaárið. Nemendur geta valið á milli tveggja námsbrauta, félagsfræðabrautar og náttúrufræðibrautar. Innan hvorrar brautar geta nemendur valið um tvær námslínur. Innan félagsfræðabrautar eru það félagsfræðisögu og hagfræði-stærðfræði námslínur og innan náttúrufræðibrautar eru það líffræðiefnafræði og eðlisfræði-stærðfræði námslínur. Það er markmið skólans að bjóða nemendum góða þjónustu og fyrsta flokks nám í skólasamfélagi sem einkennist af virðingu, trausti og hlýju á milli kennara og nemenda. Námið á að stuðla að þroska einstaklingsins, styrkja hann og veita honum góðan undirbúning til frekara náms. Námið þarf að fela í sér þjálfun á vinnubrögðum, gagnrýna hugsun og hvatningu til sköpunar. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu MS: <https://msund.is/namid/namsbrautir>

### **2.2 Nemendur**

Til upplýsingar skal tekið fram að nemendatölur síðustu árin hafa verið óvenju flóknar þar sem tvö kerfi voru í gangi samtímis störfuðu á ólíkum önnum sem sköruðust. Yfir skólaárið voru fimm virkar annir, þrjár í nýju kerfi og tvær í eldra. Nemendur skráðu sig úr námi milli anna og í talningu er miðað við tölur eftir að vinnumati var lokað á hverri önn (tíu kennsludögum eftir að önn hefst).

Haustið 2017 stundaði 765 nemandi nám við skólann, 367 piltar og 403 stúlkur. Skipting á námsbrautir var þannig að 442 stunduðu nám á félagsfræðabraut og 323 á náttúrufræðibraut. Á fyrsta námsári voru 191 nemendur, 208 á öðru, 233 á þriðja og 133 á fjórða námsári. Nemendur á fjórða námsári stunduðu nám samkvæmt eldri námskrá í bekkjakerfi. Á vorönn 2018 stunduðu 731 nemandi nám við skólann, 347 piltar og 384 stúlkur. Meðalaldur nemenda við skólann á skólaárinu 2017-2018 var 18,3 ár.

Vorið 2018 voru haldnar tvær útskriftir alls útskrifuðust 261 nemendi frá Menntaskólanum við Sund vorið 2018. Útskriftarnemar úr eldra kerfi voru 127 eftir fjögurra ára nám. Af félagsfræðabraut, félagsfræðikjörsviði útskrifuðust 31 nemendur, 41 nemandi af félagsfræðabraut, hagfræðikjörsviði, 41 nemandi af náttúrufræðibraut, líffræðikjörsviði og 14 nemendur af náttúrufræðibraut, eðlisfræðikjörsviði. 71 piltur og 56 stúlkur. Fimm nemendur féllu á stúdentsprófi vorið 2018 en tveir þeirra útskrifuðust um sumarið og haustið 2018 á skrifstofu rektors.



Mynd 2: Frá brautskráningu nýstúdenta úr bekkjarkerfi vorið 2018.

Mynd: Helga Sigríður Þórsdóttir 2018

Útskriftarnemendur úr þriggja anna kerfi voru 135. Laugardaginn 26. maí útskrifuðust 134 úr Háskólabíói og einn nemandi að auki eftir sumarnámskeið. Af félagsfræðibraut sögulinu útskrifuðust 20 nemendur, 53 nemendur af félagsfræðabraut, hagfræði og stærfræðilínu, 45 nemendur af náttúrufræðibraut líffræði og efnafræðilínu og 16 nemendur af náttúrufræðibraut eðlisfræði og stræðfræðilínu. 58 piltar og 76 stúlkur.



Mynd 3: Frá brautskráningu nýstúdenta úr þriggja anna kerfi vorið 2018.

Mynd: Helga Sigríður Þórsdóttir 2018

### 2.3 Starfsfólk

Meðalfjöldi starfsmanna 2017-2018, var 71, þar af voru kennarar að meðaltali 55, stjórnendur 4 og starfsmenn á þjónustusviði 12. Tveir karlar og ein kona hættu vegna aldurs á skólaárinu, einn starfsmaður var í orlofi og þrír í veikindaleyfi. Á þjónustusviði voru

samtals 13 störf frá og með 1. nóvember sem sex karlar og sjö konur sinntu. Þau skiptast þannig: fjórir stjórnendur, þar af einn í hlutastarfi sem sinnir einnig kennslu, tveir námsráðgjafar, einn bókasafnsfræðingur, einn fjármálastjóri, tveir á skrifstofu, einn baðvörður einn fastráðinn umsjónarmaður húsnæðis og aðstoðar maður umsjónarmanns ráðinn í samstarfi með Vinnumálastofnun. Á haustönn var starfandi verkefnastjóri í brotthvarfsmálum í 50% starfi.

Þeir sem sinntu kennslu í skólanum voru 56, þar af 20 karlmenn og 37 konur. Fullgild kennsluréttindi höfðu 55 og einn leiðbeinandi í hlutastarfi með háskólapróf. Fimm kennarar hafa lokið doktorsprófi, fjórir tvöföldu MA eða MS prófi, 28 MA eða MS prófi og 19 hafa lokið BA prófi.

Fjórir starfshópar voru starfandi innan MS á skólaárinu auk lögbundinna nefnda, skólanefndar og skólaráðs. Sjálfsmatshópur, starfendarannsóknarhópur, þróunarhópur um leiðsagnarnám og öryggisnefnd. Í hópunum eru fulltrúar starfsfólks og í sumum þeirra eru einnig fulltrúar nemenda en hóparnir eru flestir undir stjórn verkefnisstjóra. Að auki störfuðu verkefnastjórar án hópa að ýmsum verkefnum, þ.e. mætingarstjóri, endurmenntunarstjóri, hirðmeistari útskriftar, félagsmálafulltrúar, jafnréttisfulltrúi, forvarnarfulltrúi og verkefnisstjóri með Námsnetinu.

### **3 Stefna ríkisaðila og sjálfsmat Menntaskólans við Sund til þriggja ára**

Menntaskólinn við Sund skilaði til Menntamálaráðuneytisins í október 2017 stefnu ríkisaðila til þriggja ára um opinber fjármál. Stefnunni er skipt niður í þrjú megin þætti: Hlutverk og framtíðarsýn, kjarnastarfsemi og rekstrarþætti.

#### **3.1 Hlutverk og framtíðarsýn**

Hlutverk Menntaskólans við Sund er að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi framtíðarinnar og frekara nám á háskólastigi. Skólinn einsetur sér að vinna í samræmi við menntastefnu hvers tíma og vera leiðandi á sviði náms, námsaðferða og námsmats. Grunnildi skólans eru virðing, jafnrétti, ábyrgð og heiðarleiki. Í stefnu ríkisaðila stendur að nemendum verði fækkað í skólanum miðað við fjárheimildir skólans og haustið 2018 eru nemendur rúmlega 100 færri en skólaárið 2017-2018.

#### **3.2 Kjarnastarfsemi**

Stefna skólans kallar á námsvenjur þar sem ábyrgð nemenda á eigin námi, mæting, virkni og þátttaka gegna lykilhlutverki. Kennarar eru hvattir til fjöl- og nýbreytni í náms- og kennsluháttum og taka þátt í þróunarstarfi. Til þess að ná þessu fram hefur skólinn sett sér þrjú megin markmið:

- Að minnka brotthvarf
- Efla gæði náms og námsmats



- Innleiða þriggja anna kerfi í stað bekkjarkerfis.

### **3.2.1 Aðgerðir gegn brotthvarfi**

Með það að markmiði að minnka brotthvarf í skólanum er unnið samkvæmt aðgerðaráætlun gegn brotthvarfi (sjá kafla 5.1.4.). Mætingastjóri og kennslustjóri halda utan um mætingu nemenda. Brotthvarfssérfræðingur ásamt námsráðgjöfum hafa haldið uppi fræðslu fyrir bæði nemendur og forráðamenn þeirra er snertir nám og námstækni. Skólaárið 2018-2019 var ráðinn verkefnisstjóri með umsjón með nemendum af erlendum uppruna og er enn ekki komin reynsla á það starf.

Markmið í stefnu skólans var að a.m.k. 60% nemenda sem hæfu nám við skólann lykju námi frá skólanum. Fyrstu nemendur úr þriggja anna kerfi útskrifuðust vorið 2018. Af þeim 255 sem hófu nám haustið 2015 luku 135 stúdentsprófi eftir þriggja ára nám. Aðrir 17 eru líklegir til þess að ljúka námi haustið 2018 og svipaður fjöldi er áætlað að ljúki í febrúar 2019. Á haustönn 2018 er fjöldi nemenda sem hóf nám í skólanum haustið 2015 eða fyrir 67 nemendur. Eftir skólaárið 2018-2019 er hægt að birta heildstæðar tölur yfir það hvað margir af hinum upprunalega árgangi raunverulega lauk námi frá MS.

### **3.2.2 Efling gæði náms og námsmats**

Með það að markmiði að efla gæði náms og námsmats var ákveðið að taka upp símat í öllum áföngum. Farið hefur fram endurnýjun á öllum áföngum í skólanum þar sem áfangalýsingar þeirra hafa verið umskrifaðir með þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið að leiðarljósi. Í skólanum er lögð rík áhersla á verkefnatengt nám, samvinnu, hópavinnu og stöðuga endurgjöf til nemenda með aukinni áherslu á leiðsagna- og jafningjamat. Við lok skólaársins 2017-2018 voru formleg lokapróf aflögð með öllu, þegar síðasti árgangur úr bekkjarkerfi skólans var útskrifaður. Frá og með skólaárinu 2018-2019 eru allir áfangar skólans skilgreindir sem símatsáfangar. Í kafla 5.2.3 kemur fram að 80% kennara telur að sér hafi tekist vel til við að innleiða verkefnabundið nám í einstaka áföngum.

### **3.2.3 Innleiðing þriggja anna kerfis**

Með það að markmiði að búa til sveigjanlegra skólakerfi sem höfðar til breiðari hóps nemenda var þróað nýtt kerfi í MS – þriggja anna kerfi. Í nýju kerfi er mögulegt að stilla námsálag betur en gerðist í bekkjarkerfinu og minni líkur á að nemendur verði fráhverfir náminu. Nemendur eiga auðvelt með að taka sér frí í eina önn eða tvær og geta minnkað álag í námi með því að taka færri áfanga í einu. Innleiðingu þriggja anna kerfis og nýrrar námskrár lauk formlega vorið 2018 með samþykkt námsbrauta og fyrstu útskrift samkvæmt nýrri námskrá. Þróun kerfisins heldur vissulega áfram og lítur skólinn svo á að það ferli verði lífandi og stöðugt í gangi til framtíðar. Merkur áfangi á þeirri leið er að lokið hafi verið við að skrifa alla áfanga og kenna þá a.m.k. einu sinni. Ný stökkatafla fyrir stundatöflur er liður í þessum breytingum og hafa nemendur og kennarar verið samróma um ágæti hennar.

Hugmyndin að baki nýrri stokkatöflu og þremur önnum á ári er ekki síst sú að nemendur helgi sig færri námsgreinum í einu, hafi meiri tíma fyrir hvert fag og geti náð meiri dýpt í hverri grein.

Á skólaárinu var lögð áhersla á að vinna að breyttu regluverki og aðlaga þjónustuna í skólanum að nýju kerfi. Liður í því var að taka í gagnið nýja heimasíðu haustið 2017. Heimasíðan hefur að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar um skólann m.a. skólareglur, uppbyggingu námsbrauta og námsgreina. Frekari þróun hefur átt sér stað á fyrirkomulagi valdaga og umsjónarkennslu. (Sjá í kafla 5.5.1.)

### **3.3 Rekstrarþættir**

Í rekstri skólans var unnið að því markmiði að nýta sem best húsnæði, fjárframlög og þann mannauð sem skólinn hefur yfir að ráða.

Ýmsir ytri þættir gerðu það að verkum að erfitt reyndist að koma böndum á reksturinn. Skólaárið 2017-2018 var framboð áfanga heldur minna en nemendur hefðu kosið en þó í hámarki miðað við stöðugildi í skólanum. Þröngur fjárhagur skólans gerði það að verkum að ekki náðist að bjóða öllum nemendum á öðru námsári upp á æskilegan fjölda áfanga. Hópanýting í þriggja anna kerfinu var í hámarki, en lakari í síðasta árgangnum í bekkjarkerfinu. Um framboð á áföngum og stöðugildi er fjallað nánar í Ársskýrslu MS til Menntamálaráðuneytisins. (Sjá: Ársskýrsla MS, 2017) Meginmarkmið með innleiðingu þriggja anna kerfis og nýrrar námskrár var að fjölga ársnemendum sem skólinn skilar af sér miðað við fasta fjárhæð. Ársnemendum hefur fjölgað og nýting aldrei verið eins góð.

Á skólaárinu 2017-2018 unnið að undirbúningi að umsókn um viðurkenningu fyrir skref eitt og tvö í grænum skrefum í ríkisrekstri. Skólinn færir grænt bókhald og hefur gert það síðan 2015. Grænt bókhald er fært mánaðarlega og skilað inn árlega. Umtalsvert magn hefur sparast með minni orkunotkun, hækkuðu hlutfalli endurnýjanlegs sorps og samdrætti í pappírnotkun. Frá árinu 2016-2017 hefur notkun á rafmagni dregist saman um 30% og notkun á heitu vatni um 18%.

Undirbúningsvinna hófst við þróun á rafrænu valkerfi og verður áfram unnið að því á næsta skóla ári með það að leiðarljósi að hanna kerfi þar sem nemendur geta haldið betur utan um námsferilinn. Í dag er stuðst við námsferilayfirlit úr Innu, exelskjöl og önnur gögn sem sýna námsferilinn með myndrænum hætti.

## **4 Markmið í skólasamningi og mat á því hvernig tókst að vinna að þeim**

Í viðauka með skólasamningi 2013-2015 eru markmið sett fram undir 8 liðum þ.e. nám, skólasýn, námssamfélag, stjórnun, ný skólanámskrá, sjálfsmat, húsnæði og rekstur. Sjá skólasamninginn og viðauka við hann á heimasíðu MS:

(<http://gamla.msund.is/page.asp?id=2565&x=>). Því hefur verið lýst í sjálfsmatsskýrslum síðustu ára hvernig gekk að vinna að settum markmiðum í þessum skólasamningi, sjá á

heimasíðu MS (<http://gamla.msund.is/page.asp?id=2128&x=>). Ekki hefur verið gerður nýr skólasamningur síðan 2013. Ný námskrá hefur verið innleidd og nýtt þriggja anna kerfi og ný viðbygging MS tekin í notkun.

## **5 Aðgerðaáætlun og mat á því hvernig skólinn vann að settum markmiðum**

### **5.1 Meginmarkmið**

Árlega setur skólinn sér aðgerðaáætlun þar sem tilgreint er hvaða markmiðum skuli stefnt að á skólaárinu og til hvaða aðgerða skuli grípa til að ná settum markmiðum. Skólaárið 2017 til 2018 var unnið að eftirfarandi meginmarkmiðum:

1. Próun þriggja anna kerfisins
2. Innleiðingu nýrrar námskrár
3. Unnið áfram með kennslufræði og námsmat í takt við nýja námskrá
4. Skólabrag í nýju námsumhverfi
5. Hvatt til endurmenntunar, starfsþróunar og faglegs samstarfs

#### **5.1.1 Próun þriggja anna kerfisins**

Stefnt var að því að skoða hvernig hægt er að nýta betur möguleika þriggja anna kerfisins t.d með sveigjanleika í töflugerð og útfærslu og hönnun á skóladeginum. Við gerð skóladagatala 2018-2019 var ákveðið að gera tilraun með það að byrja skólann seinna að hausti og hefja haustönnuna um svipað leyti og grunnskólinn hæfi störf. Um þetta var fjallað á kennarafundi og gafst kennurum tækifæri til þess að lýsa skoðunum sínum á skóladagatalinu í tölvupósti til rektors.

Á vormánuðum hófst umræða um að seinka kennslu á morgnanna frá 8:10 til 8:30. Fengu starfsmenn að kjósa um þessa tillögu í starfsmannakönnun í júní 2018 og var niðurstaðan sú að mikill meirihluti kennara vildi prófa þessa útfærslu á skóladeginum á yfirstandandi skólaári.

Unnið var áfram að þróun umsjónarkerfisins í þriggja anna kerfinu. Tveir kennarar fengu umsjón með hverjum hópi og hittu kennararnir sína umsjónarnemendur tvisvar á önn alls sex sinnum yfir veturinn. Þessir fundir voru notaðir til þess að kenna yngri nemendum á námskerfi skólans og Innu, ræða um eflingu félagslífsins, aðstoða nemendur við að halda utan um námsferilinn og undirbúa þá undir valdaga svo eitthvað sé nefnt. Umsjónarkerfið er frábrugðið því sem það var í bekkjarkefinu og er enn í mótun.

Hluti af þróun þriggja anna kerfisins er að auka fjölbreytta nýtingu matsdaga. Matsdagar eru vinnudagar bæði kennara og nemenda en þó ekki hefðbundnir skóladagar þar sem ekki er kennt samkvæmt stundaskrá. Á skólaárinu voru matsdagar í auknum mæli notaðir til stærri heimaverkefna, vettvangsferða, munnlegra prófa í tungumálum og

einstaklingsviðtala við nemendur auk þess sem margar greinar buðu upp á sjúkrapróf fyrir þá sem höfðu misst af námsmati vegna veikinda.

Á skólaárinu útskrifaðist fyrsti útskriftarhópurinn úr þriggja anna kerfi og nýrri námskrá frá skólanum. Ákveðið var að framvegis yrðu útskriftirnar þrjár á ári svo nemendur gætu útskrifast um leið og þeir væru búnir að ljúka tilteknum einingafjölda til stúdentsprófs. Stór útskrift er haldin að vori en minni útskriftir í skólanum sjálfum tveimur vikum eftir að haustönn og vetrarönn líkur.

### **5.1.2 Innleiðing nýrrar námskrár**

Á haustmánuðum var vinnu við almennan hluta nýrrar námskrár lokið ásamt vinnu við einstaka áfangalýsingar. Ný námskrá með nýjum brautar- og áfangalýsingum var sett inn í námskrárgrunn Menntamálastofnunnar í október og nóvember 2017. Stýrihópur stjórnenda og Oddvita (sérstakir verkefnisstjórar valdir úr hópi Oddvita) vann að verkefninu ásamt fagstjórum í einstaka greinum og kennurum sem komu að innslætti í gagnagrunninn. Endanleg útgáfa námskrárinnar lá fyrir í lok skólaársins og var samþykki hennar birt í Lögbirtingablaðinu í júní 2018. Fyrsti útskriftarárgangur sem útskrifaðist samkvæmt nýrri námskrá brautskráðist í maí 2018. Rýnihópar nemenda og kennara um nýja námskrá voru ekki virkir á árinu, en sjálfsmatshópur skólans hélt rýnifund með tengiliðum úr umsjónarhópum. Það voru engu að síður gerðar margar úrbætur á kerfinu samkvæmt upplýsingum af fundum með kennurum og fagstjórum auk þess sem upplýsingar komu frá nemendum í gegnum fundi þeirra með umsjónarkennurum.

### **5.1.3 Kennslufræði og námsmat í nýrri námskrá**

Stefna skólans í námi og kennslu er að efla námskraft nemenda (e. learning power), gera þá að sjálfstæðum námsmönnum með það að markmiði að minnka brotthvarf frá námi og fjölga þeim sem klára stúdentspróf við skólann. Annars vegar tengist þessi stefna Hvítbók Menntamálaráðherra frá 2014 og hinsvegar hugmyndafræði Guy Claxton um „Building learning power“ sem skólinn starfar eftir. Hugmyndafræðin birtist helst í náms- og kennsluaðferðum við skólann sem ganga út á fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat. Unnið var á margvíslegan hátt að því að auka virkni og þátttöku nemenda í námsferlinu. Starfsmenn tóku þátt í þróunarverkefnum tengdum breyttum kennsluháttum og ber þar hæst þróunarverkefni um leiðsagnarnám. Umsjónarkerfið var þróað áfram og eru allir kennarar umsjónarkennarar. Hlutverk umsjónarkennara er að leiðbeina nemendum við námsval, kenna þeim á námsumhverfið og almennt bera ábyrgð á eigin námi.

### **5.1.4 Skólabragur í nýju námsumhverfi**

Á skólaárinu 2017-2018 var í fyrsta skiptið unnið að fullu eftir aðgerðaráætlun gegn brotthvarfi. Í aðgerðaráætlun gegn brotthvarfi kemur fram verklag skólans í þessum efnum og

hvernig kennarar með kennsluháttum og viðhorfi geta komið á móts við nemendur og eftl námskraft þeirra (Anna Sigurðardóttir, 2017).

Mætingarstjóri hélt utan um mætingu nemenda í samráði við kennslustjóra með uppgjör á skólasókn þrisvar á hverri önn. Mætingarstjóri boðaði á fund þá nemendur sem mættu illa og sendi hróspósta til hinna sem mættu vel.

Með það að markmiði að lágmarka brotthvarf, er vinnureglan sú að kennslustjóri og mætingarstjóri boða nemendur í viðtal með forráðamönnum, hafi nemandi ekki náð 18 ára aldri og mætingarhlutfall reynist undir viðmiðunarmörkum. Lögð er áhersla á að um hvatningarviðtal sé að ræða til þess að leita úrlausna.

Mikil breyting hefur orðið á brotthvarfi með tilkomu nýja kerfisins. Sveigjanleikinn sem það kerfi hefur umfram eldra kerfið virðist skila því að nemendur halda áfram í námi þótt þeir glími við mikla erfiðleika. Afleiðingin er sú að nemendatölur hafa verið mun hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Engu síður var hreyfing á nemendum við annarskil og mikilvægt að fylgjast náið með slíkum breytingum. Skólinn heldur utan um þann hóp nemenda sem segja sig úr námi. Þetta er gert með því að safna saman upplýsingum úr Innu og með því að hringja í nemendur. Þessi eftirfylgni hefur skilað skólanum og gagnlegum upplýsingum um bakgrunn og upplifun þessa hóps á skólanum. Einnig hefur þessi eftirfylgni sýnt að brotthvarf eins og það er skilgreint af menntamálaráðuneytinu er afar lítið í MS. Afgerandi meirihluti þeirra nemenda sem skrá sig úr námi í MS fara beint í aðra skóla og halda náminu áfram.

Auk umfangsmikils mætingareftirlits fer fram miðannarmat í hverjum áfanga um miðja önn. Konrektor tekur tölurnar saman og biður fagstjóra í hverri deild að ræða niðurstöðurnar við sitt samstarfsfólk. Með miðannarmati má greina hvaða nemendur eru í vandræðum námslega og þar með í aukinni brotthvarfshættu. Skólinn fer yfir gögn um miðannarmat og hefur samband við þá nemendur sem koma illa út. Nemendum sem fá ófullnægjandi námsmat í tveimur greinum eða meira er bent á að leita til námsráðgjafa. Á vorönn í nýju kerfi voru kennarar hópa þar sem hlutfall nemenda með „Ó“ á miðannarmati var mun hærra en meðaltalið, beðnir um að rýna í námsumhverfið og einstaka nemendur og senda konrektor greinargerð. Fagstjórar voru einnig hvattir til að fara yfir niðurstöðurnar og greina hvort ástæða væri til að endurskoða verklag í viðkomandi fagdeild.

Á skólaárinu var haldinn fyrirlestur fyrir forráðamenn um nám, námstækni, kvíða og seiglu sem brotthvarfssérfræðingur skólans hélt. Foreldrasamstarf við skólann hefur verið eftl frá ári til árs. Foreldrar halda aðalfund og fræðslufund einu sinni á ári. Foreldrar sinna foreldragæslu á dansleikjum skólans í samráði við félagsmála- og forvarnarfulltrúa skólans. Stuðningur foreldra og vitund þeirra um nám og stöðu barna sinna bætir námsárangur og minnkar brotffall. Sú nýbreytni var tekin upp á yfirstandandi skólaári að bæta valkvæðri greiðslu inn á greiðsluseðil skólagjalda sem rennur beint til foreldraráðs.

Þessi leið hefur skilað árangri og ætti að auðvelda ráðinu að skipuleggja fræðslufundi og efla starfið.

### **5.1.5 Endurmenntun og starfsþróun**

Starfendarannsóknir kennara, fræðslufundir fyrir alla starfsmenn og þróunarverkefni um leiðsagnarnám voru liðir í endurmenntun og starfsþróun starfsmanna. Erlent samstarf var blómlegt á skólaárinu. Átján starfsmenn fóru á ráðstefnur og í aðrar fræðsluferðir auk þess sem sex nemendur og tveir kennarar tóku þátt í Nordplus verkefni um borgaravitund og lýðræði. Nordplus verkefnið fjallaði um flóttamenn, muninn á flóttamönnum, hælisleytendum og innflytjendum og hvernig hægt er að taka á móti flóttamönnum þannig að þeir nái að aðlagast og upplifa sig örugga í samfélaginu. Þátttakendur voru frá fimm skólum í Eistlandi, Finlandi, Íslandi, Litháen og Svíþjóð og var hver skóli heimsóttur einu sinni. MS tók á móti hópnum í janúar. Verkefnið eflði bæði kennara og nemendur sem fengu það metið til eininga við skólann (<https://msund.is/fraedsluefni/onnur-styrktarverkefni/verkefni-styrkt-af-odrum-adilum/nordplus-verkefni>).

Nánar er fjallað um námssamfélag starfsmanna og erlent samstarf á árinu í kafla 7.3.

## **5.2 Kannanir**


### **5.2.1 Nemendakönnun**

Til þess að meta nám og kennslu voru nemendakannanir lagðar fyrir alla nemendur í þriggja anna kerfinu á seinni tveimur öllum skólaársins. Aðeins voru gerðar smávægilegar breytingar á könnuninni þar sem töluverðar breytingar voru gerðar árið áður. Í nemendakönnuninni eru nemendur spurðir út í einstaka námsgreinar og afstöðu sína til námsefnis, námsmats, vinnuálags og kennsluhátta, en einnig um kröfur kennara til virkni nemenda í náminu og líðan þeirra svo fátt eitt sé nefnt. Einnig var höfð inni ein opin spurning þar sem nemendur gátu tjáð sig frá eigin hjarta um greinina. Á vetrarönn tóku 350 af 605 nemendum í þriggja anna kerfi þátt í nemendakönnuninni eða um 58% sem var heldur meiri þátttaka en á sama tíma árið áður þegar um 52% nemenda tóku þátt í könnuninni. Á vorönn fór hlutfallið niður í 52%. Þetta er heldur minni þátttaka en þekktist í bekkjakerfinu þar sem 77% nemenda tóku þátt í könnuninni haustið 2015. Hlutfallið er þó hærra en það var á vorönn 2016 þegar aðeins 46% nemenda tóku þátt. Ekki voru gerðar kennslukannanir í eldra kerfi skólans. Til þess að halda uppi góðum samskiptum við eldri nemendur skólans kölluðu stjórnendur alla 4. bekkinga á sinn fund við upphaf vormisseris og ræddu við nemendur um námið og námsframvindu á lokamisserinu.

Niðurstöður nemendakannana skólaárið 2017-2018 voru mjög svipaðar og niðurstöður síðustu ára. Meðaltalið var 3,7 bæði vetrar- og vorönn sem er nákvæmlega það sama og árið áður. Meðaltal nemendakönnunarinnar skólaárið 2015-2016 var 3,9 bæði að hausti og vori. Mynd 3 sýnir meðaltalið af hverri spurningu á vetrarönn 2017 og vorönn 2018. Heildarniðurstöður úr nemendakönnunum eru kynntar á heimasíðu skólans og á kennarafundum. Niðurstöður hvers kennara eftir námshópum og samanburður við árgang og heildina eru opnar á Námsnetinu fyrir hvern kennara eftir annarlök. Leitast er við að taka mið af niðurstöðum nemendamatsins í aðgerðaráætlun hvers árs. Einnig eru niðurstöður nemendakönnunar nýttar sem grunnur í starfsmannviðtölum rektors við kennara.



## Niðurstöður nemendakönnunar MS Vetrarönn og Vorönn Nýtt kerfi 2017-2018



Mynd 4: Niðurstöður nemendakönnunar á vetrarönn 2017 og vorönn 2018

### 5.2.2 Umræðufundur með nemendum

Til þess að fá frekari upplýsingar um skólastarfið, skólabraginn og félagslíf nemenda var boðað til þriggja funda með fulltrúum nemenda. Á fyrstu tvo fundina mætti einn fulltrúi

nemenda og var því að lokum tekið á það ráð að kennarar í sjálfsmatshópnum boðuðu eigin nemendur á fundinn.

Sjálfsmatshópurinn setti fram dagskrá fundarins, en nemendum var frjálst að koma sínum hugðarefnum að. Á fundinum kom fram að nemendum líði almennt vel í skólanum. Rætt var um stöðu félagsmála í skólanum sem þótti hafa dalað nokkuð miðað við síðastliðin ár. Nemendum fannst vinnubrögð sitjandi nemendastjórnar og nefnda ekki nægilega lýðræðisleg og vonuðust til þess að það lagaðist á næsta skólaári.

Nemendur voru almennt ánægðir með skólaandann óskuðu sér að fleiri nemendur tækju þátt í félagslífinu og MS yrði virkari í Morfís og spurningakeppni framhaldsskólana með tilheyrandi klappliði.

Um námið höfðu nemendur að segja að þeir vildu hafa meiri áhrif á það hvort þeir væru í 4 áföngum eða fimm á hverri önn. Nokkuð var rætt um skólaíþróttir. Nemendur voru þeirrar skoðunar að íþróttaiðkun í skólanum væri tímaskekkja og vildu heldur fara sjálfir í ræktina eftir skóla. Eftir fundinn voru ábendingar nemenda notaðar til þess að bæta félagslífið og veita útskriftanemendum meira utanumhald og stuðning með því að koma á greiðari og örari samskiptum á þeim vettvangi milli skólastjórnenda og forsvarsfólks nemendafélagsins.

### **5.2.3 Starfsmannakönnun**


Á starfsdögum vorannar 2018 var árleg starfsmannakönnun lögð fyrir alla starfsmenn skólans þar sem spurt var um viðhorf starfsmanna til skipulags skólastarfsins, nýjunga í starfinu, vinnuaðstæðna og starfsanda. Alls tóku 38 eða um 50% starfsmanna þátt í könnuninni sem lögð var fyrir á Námsnetinu frá 27. maí til 15. júní 2018. Þrátt fyrir að könnunin hafi verið opin viku lengur en árið áður lækkaði hlutfall þeirra sem tóku þátt um 8 %. Heildarniðurstöður könnunarinnar voru kynntar af sjálfsmatsstjóra á skólafundi við upphaf haustannar 2018.

Eftir tvö ár í röð þar sem starfsánægja jóks dvínaði hún aðeins á milli ára frá vori 2017 til maí 2018. Engu að síður líður starfsfólkinu mun betur en það gerði árin sem skólinn stóð í byggingaframkvæmdum. Fjöldi þeirra sem líður alltaf eða oft vel í vinnunni stóð í stað en þeim fjölgaði sem líður sjaldan eða aldrei vel í vinnu sem er áhyggju efni. Í kjölfar metoo umræðunnar í samfélaginu með opnun á umræðu um líðan og upplifun hvers og eins, var brugðið á það ráð að fá vinnustaðasálfræðinga til MS. Þeir hafa bæði haldið erindi fyrir allt starfsfólkið auk þess sem einstaka starfsmönnum hefur verið boðið að koma í viðtal. Haldið verður áfram með þá vinnu með það að leiðarljósi að vinna markvisst að bættum starfsanda á næsta skólaári.






### Leið þér vel í vinnunni í vetur?



Mynd 5: Viðhorf starfsfólks í MS til þess hvernig því líður í vinnunni vor 2018




### Mér fannst starfsandinn í MS í vetur góður og notalegur



Mynd 6: Viðhorf starfsfólks MS til starfsandans í MS vor 2018



### Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með faglegt samstarf í þinni deild á þessu skólaári?




Mynd 7: Viðhorf kennara til faglegs samstarfs í deildum

Í MS er lögð áhersla á faglegt samstarf meðal kennara. Vorið 2017 voru tæplega 80% kennara ánægðir með faglegt samstarf í sínum deildum. Það kemur nokkuð á óvart að hlutfall þeirra sem eru ánægðir með faglega samstarfið hefur lækkað töluvert. Þetta skýrist hugsanlega að því að kennarar eru almennt meðvitaðri um mikilvægi góðs og mikils samstarfs og sakna þess um leið og það minnkar eða þetta tengist almennum samskiptavanda í skólanum sem verið er að vinna úr. Einnig má geta þess að samstarfsnefnd félagsmanna í KÍ og stjórn skólans samþykkti vorið 2018 að taka upp nýtt kerfi fagstjórnar með færri og stærri fagstjórastörfum sem vonandi bætir faglegt starf og eykur þverfaglegt samstarf. Síðastliðin ár hefur fjöldi þróunarverkefna verið unninn innan fagdeilda og dróg síst úr því á þessu skólaári (sjá kafla. 7.3.)

Flæði upplýsinga virðist vera nokkuð gott í skólanum. 74% starfsmanna sem tóku þátt í könnuninni er ánægður með flæði upplýsinga, 11% taka ekki afstöðu til þess og 14% eru óánægðir með upplýsingaflæðið.



### Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með upplýsingastreymið innan MS á þessu skólaári?




Mynd 8: Viðhorf kennara í MS til upplýsingastreymis innan skólans vor 2018

Haustið 2016 var tekið upp nýtt þriggja anna kerfi í MS. Í starfsmannakönnun vorið 2016 var könnuð afstaða starfsfólks til þess að taka upp þetta nýja kerfi. Þá voru 63% starfsfólks frekar eða mjög hlynnt þessari nýjung. Í lok skólaárs 2017 þegar komin var eins árs reynsla á kerfið voru 64% kennara mjög eða frekar ánægðir með nýja kerfi og við lok skólaársins var hlutfallið komið í 67%. 19% kennara taka ekki afstöðu til nýja kerfisins líklega af því að þeir hafa ekki reynslu af því og kenna enn samkvæmt eldra kerfi í skólanum.



### Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með kennslufyrirkomulagið í nýja þriggja anna kerfinu?




Mynd 9: Viðhorf kennara í MS til kennslufyrirkomulags í þriggja anna kerfinu

Með innkomu þriggja anna kerfis var lögð meiri áhersla á kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu og verkefnabundið nám. Kennslustundir voru lengdar og hefðbundinn prófatími aflagður. Kennarar láta almennt vel af því hvernig þeim hefur tekist til við að innleiða kennslufræðina og verkefnabundið nám inn í kennsluna.



### Hversu vel eða illa hefur þér tekist að innleiða kennslufræðina um virkni og ábyrgð nemenda í þinni kennslu?




Mynd 10: Viðhorf kennara í MS til þess hvernig þeim tekst að innleiða kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda í kennslunni.

75% kennara eru frekar eða mjög ánægðir með það hvernig þeim tekst að innleiða verkefnabundið nám í kennslunni. Kennarar eru vissulega á ólíkum stað í þróunarferlinu en þróunin stefnir vonandi í rétta átt.



### Hversu vel eða illa hefur þér tekist að innleiða verkefnabundið nám í þinni kennslu?



Mynd 11: Viðhorf kennara í MS til þess hvernig þeim tekst að innleiða verkefnabundið nám í kennslunni.

Þegar starfsmannakönnun er lögð fyrir að vori eru starfsmenn einnig beðnir um að meta störf stjórnenda. Stjórnendur ræða niðurstöður þeirrar könnunar sín á milli og finna leiðir til úrbóta þar sem þess er þörf.

## 6 Árangur nemenda

### 6.1 Námsárangur

Heildarmeðaltal einkunna í öllum áföngum í nýju kerfi allar þrjár annirnar á árinu var 6,5. Dreifing einkunna í öllum áföngum var þannig að um 10% fengu falleinkunn eða 1,0 til 4,0, 60% nemenda fengu einkunn 5,0 til 7,0 og 30% nemenda fengu einkunn 8,0 til 10.

Á mynd 12 sést dreifing einkunna í hverjum áfanga á vorönn 2018 í nýju þriggja anna kerfi en þar er gefin ein lokaeinkunn í hverjum áfanga í heilum tölum og er lágmarkseinkunn 5 til að standast áfangann.



## **7 Námssamfélag starfsmanna**

### **7.1 Starfendarannsóknir**

Skólaárið 2017-2018 starfaði einn hópur kennara í starfendarannsóknum við skólann. Átján kennarar hittust á sjö fundum yfir skólaárið. Þar sem innleiðing þriggja ára náms til stúdentsprófs stóð yfir í skólanum beindi hópurinn sjónum sínum að leiðum til þess að aðlaga námsefni og kennsluhætti að nýju kerfi. Starf hópsins bar þess nokkur merki að innleiðing þriggja ára kerfisins var ekki hnökralaus. Fundartíminn var talsvert ásetinn sem gerði kennurum erfitt um vik með að mæta á fundi starfendarannsóknahópsins. Auk þess var í gangi þróunarverkefni um leiðsagnarnám sem setti fundartímum nokkrar skorður. Það var þó mjög gagnlegt að hafa þetta tvennt í gangi samtímis og studdu starfendarannsóknirnar vel við starfsemina tengda leiðsagnarnáminu. Þannig snéru starfendarannsóknirnar að töluverðu leyti að því hvernig mætti hrinda leiðsagnarnámi í framkvæmd (Þóra Víkingsdóttir, 2018).

Markmið starfendarannsóknna er að gefa fólki tækifæri til að vaxa í starfi og þróa starfshætti sína með því að gera rannsókn og ígrunda starf sitt. Hver starfsmaður skoðar afmarkaðan þátt í starfi sínu, safnar gögnum með ýmsum aðferðum, heldur dagbók og fundar með hópnum. Starfið byggir á hugmyndum Jean McNiff, prófessors við York St John University, sjá <http://www.jeanmcniff.com>. Verkefnisstjóri er Þóra Víkingsdóttir, fagstjóri í líffræði og faglegur ráðgjafi er dr. Hafþór Guðjónsson, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en hann hefur unnið markvisst að því að kynna starfendarannsóknir á Íslandi (sjá Hafþór Guðjónsson, 2013). Starfendarannsóknir í MS hafa verið rannsakaðar af Hjördísi Þorgeirsdóttur og er niðurstöður að finna í doktorsritgerð hennar sem kom út árið 2016 og grein sem birtist 2018 í tímaritinu Educational Action Research (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2018; 2016).

### **7.2 Þróunarverkefni um leiðsagnarnám**

Þróunarverkefni um leiðsagnarnám hóf göngu sína í september 2017 undir stjórn konrektors. Ytri ráðgjafi í verkefninu var Sólveig Zophoníasdóttir frá Þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri sem leiddi faglega starfið í hópnum. Greitt var fyrir ytri ráðgjöf með styrk frá Sprotasjóði.

Myndaður var 18 manna hópur kennara í skólanum sem tók þátt í verkefninu. Þróunarhópurinn hefur einbeitt sér mest að því að auka fræðilega þekkingu sína á leiðsagnarmati, öðlast skilning á grundvallaruppbyggingu leiðsagnarmats og prófað að beita ólíkum matsaðferðum við leiðsagnarmat. Þetta var m.a. gert með því að allir þátttakendur settu sér starfsþróunarmarkmið út frá fimm lykilþáttum leiðsagnarnáms (Leahy, Lyon, Thompson og William, 2005). Auk þess völdu þeir námsmatsaðferðir í anda



leiðsagnarnáms úr ýmsum gagnabönkum um aðferðir við leiðsagnarnám til þess að prófa út frá t.d. Regier, N. (2012).

Þróunarhópurinn í MS byggir aðallega á fræðilegum hugmyndum Black og Wiliam (Wiliam, 2018, 2013; Black og Wiliam, 2001, 2009; Black et al 2003) og hugmyndum Shirley Clarke (2014) um leiðsagnarnám. Black og Wiliam skilgreina leiðsagnarmat á eftirfarandi hátt:

*„Mat er leiðsegjandi svo lengi sem matið gefur upplýsingar um árangur nemenda og matið/gögnin eru túlkuð og notuð til að taka ákvarðanir um næstu skref í kennslu sem líklegt er að skili árangri og að þessar ákvarðanir eru árangursríkari en það sem gert hefði verið ef matið hefði ekki farið fram“.* (Black og Wiliam, 2009) Þýðing Sólveig Zophoníasdóttir.

Ytri ráðgjafi hitti hópinn alls þrisvar sinnum yfir veturinn og var auk þess í sambandi við hann bæði í gegnum tölvupóst og padletvegg verkefnisins. Í fyrsta hluta unnu þátttakendur námsmarkmið, viðmið og matskvarða með flestum eða öllum verkefnum í einstaka áföngum sem þeir kenndu. Hluta þessara viðmiða og matskvarða var skilað inn til ytriráðgjafa með því að setja á padletvegg verkefnisins þar sem þau voru öllum þátttakendum aðgengileg. Á padletvegg verkefnisins var safnað tuga kennsluáðferða, vísindagreina og öðru efni sem tengist verkefninu. Fundir voru nýttir til fræðslu um leiðsagnarnám, til að segja frá því sem kennarar voru að prófa í kennslunni og til endurgjafar. Unnið var með fyrsta og annað þrepið af fimm í leiðsagnarmati yfir veturinn. Í verkþætti tvö prófuðu kennarar og útfærðu ýmsar aðferðir við leiðsagnarnám og sumir kennarar könnuðu áhrif þess á nemendur og viðhorf þeirra til leiðsagnarnámsins.

Kennarar sem hafa tekið þátt í leiðsagnarnámshópnum hafa verið duglegir að miðla til annarra kennara í sínum nánasta samstarfshópi. Leiðsagnarnámið hefur einnig ýtt undir samvinnu kennara þvert á faggreinir sem vinna að lokaverkefnum með nemendum. Hafa þessir kennarar t.d. haldið sameiginlega ráðstefnu með nemendum sínum, búið til sameiginleg námsmarkmið og samræmt námskröfur. Markmiðið er að vinna með skref 2-5 á næsta skólaári þar sem skólinn hefur fengið áframhaldandi styrk frá Sprotasjóði fyrir verkefninu.

(Sjá: [https://www.msund.is/media/2018/09/05/7x47kb910z\\_Lei\\_asagnarmat\\_n\\_ju\\_riggja\\_anna\\_kerfi\\_Lokask\\_rsla\\_til\\_S\\_protasj\\_s\\_2018.pdf](https://www.msund.is/media/2018/09/05/7x47kb910z_Lei_asagnarmat_n_ju_riggja_anna_kerfi_Lokask_rsla_til_S_protasj_s_2018.pdf))

### **7.3 Þróunarverkefni og árangurstenging launa**

Starfsfólk MS vinnur að ýmsum þróunarverkefnum til að bæta nám og kennslu í MS. Árlega veitir MS styrki til þróunarverkefna sem byggja á samkomulagi milli samstarfsnefndar félagsmanna KÍ og MS og er úthlutað tvisvar á ári. Á skólaárinu 2017-2018 var veitt verulegu fjármagni í þróunarstyrki til að styðja við innleiðingu nýrrar námskrár. Alls voru veittir styrkir til 20 verkefna á skólaárinu. Styrkveitingin er mikilvæg leið til að hvetja til

starfsþróunar kennara sem er ákaflega brýnt á tímum mikilla faglegra breytinga. Tíu af þessum þróunarverkefnum voru unnin í samvinnu tveggja eða fleiri kennara sem skapar góðan grundvöll fyrir skólastarfið og myndun lærdómssamfélags. Kennarar skila skýrslu um framgang verkefnisins í lok skólaársins. Upplýsingar um þróunarverkefni eru birt á heimasíðu MS undir fræðsluefni og skýrslur kennara um þróunarverkefni eru birtar á innri vef skólans þar sem þær eru aðgengilegar öllu starfsfólki skólans. (Sjá: <https://www.msund.is/fraedsluefni/throunarverkefni-styrkt-af-skolanum>)

Alls fengu átján starfsmenn Erasmus+ styrki í sex verkefnum á skólaárinu. Þetta voru 15 konur og 3 karlar. Þátttakendur sóttu um sérstök verkefni að eigin frumkvæði og komu af ólíkum sviðum og kennslugreinum þ.e. efnafræði, félagsfræði, íslensku, líffræði, lýðræðisvitund, sögu, stærðfræði. Einnig stóttu bæði bókasafnfræðingar og starfs- og námsráðgjafar ráðstefnur á sínum sérsviðum. Verkefni sem þessi styrkja faglegt starf í skólanum og töldu þátttakendur sig hafa lært mikið af þeim. Í lokaskýrslum um verkefni kom fram að þátttakendur töldu sig í kjölfar þeirra hæfari til að innleiða nýjungar í skólastarfinu og til að leiða breytingastarf. Þátttakendur hafa nýtt lærdóminn úr námsferðunum til að innleiða nýjungar í starfi með nemendum til þess að efla þá sem sjálfstæða og virka námsmenn með því markmiði að bæta námsárangur þeirra. Auk þess byggðu þátttakendur upp ný tengsl erlendis, juku þekkingu sína á menntakerfi og uppbyggingu skólastarfs í viðkomandi löndum, fengu aukna félagslega færni, sérstaklega þjálfun í samskiptum á erlendu tungumáli og starfsánægjan jókst. Ferðirnar juku á samheldni hópsins og bættu starfsandann í skólanum (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2018).

Ennfremur var skólinn í samstarfsverkefni með Vogaskóla er á sviði stjórnunar, stærðfræði og tungumála. Kennarar við skólann tóku að sér ýmis ábyrgðarstörf í þágu menntunar á skólaárinu. Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, sögukennari var forseti Euroclio, Solveig Þórðardóttir, þýskukennari formaður félags þýskukennara, Petrína Rós Karlsdóttir, frönskukennari formaður félags tungumálakennara og Þórunn Steindórsdóttir í stjórn Félags félagsfræðikennara.

#### **7.4 Endurmenntun**

Til að ýta undir faglegar umræður og starfsþróun starfsfólks eru haldnir fræðslufundir og örnámskeið um ýmis fagleg málefni. Á síðasta skólaári fékk skólinn þrjá fyrirlesara bæði úr röðum kennara og utanaðkomandi til að vera með fræðsluerindi og einnig voru haldnir þrjú samræðufundir um fagleg málefni í skólastarfinu. Þessir fundir voru vel sóttir af starfsmönnum skólans.

Auk þessa býður skólinn starfsfólki Daga af erlendum uppruna sem sjá um ræstingu á skólahúsnæðinu upp á vikulega íslenskukennslu. Með því bætir skólinn samskiptin og möguleika fólks til þess að aðlagast íslensku samfélagi.

## 8 Lokaorð

Eftirfarandi aðgerðaáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 sem lögð var fram á skólafundi haustið 2018 byggir m.a. á sjálfsmatinu sem framkvæmt var á síðasta skólaári:

 <b>Menntaskólinn við Sund</b>	<b>Megin markmið aðgerðaráætlunar</b>
<p><b>Markmið og aðgerðir 2018-2019</b></p> <p><i>Virðing - Jafnrétti - Ábyrgð - Heiðarleiki</i></p>  <p><small>Markmið og aðgerðir 2018-2019</small></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mótun skólabrags í nýju skólaumhverfi</li> <li>• Þróun kennslufræði í takt við nýja námskrá</li> <li>• Endurmenntun, starfsþróun og faglegt samstarf</li> <li>• Frekari þróun þriggja anna kerfisins</li> <li>• Umbætur og aðhald</li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2018-2019</small></p>

<b>Móta skólabrag í nýju skólaumhverfi</b>	<b>Þróun kennslu og náms í takt við nýja námskrá</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þróa áfram og móta nýjar hefðir í nýju kerfi</li> <li>• Vinna með samskipti meðal starfsmanna og nemenda</li> <li>• Efla faglegt samstarf innan námsgreina og milli þeirra</li> <li>• Styðja við nemendur og forráðamenn þeirra við uppbyggingu fjölbreyttara félagslífs</li> <li>• Vinna að bættri umgengni</li> <li>• Fylgja eftir aðgerðaráætlun um varnir gegn brotthvarfi</li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2018-2019</small></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Með áherslu á virkni og þátttöku nemenda í náminu</li> <li>• Með því að byggja upp seiglu nemenda og hvetja þá til þess að taka ábyrgð á eigin námi</li> <li>• Með áherslu á að skapa öllum nemendum góð skilyrði til náms, með:             <ul style="list-style-type: none"> <li>• aukinni verkefnavinnu, fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati</li> <li>• því að huga að gagnrýnni hugsun, félagsfærni og tjáningu nemenda</li> <li>• því að taka tillit til reynsluheimis þeirra og hugmynda</li> </ul> </li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2018-2019</small></p>

<b>Endurmenntun, starfsþróun og faglegt samstarf</b>	<b>Frekari þróun þriggja anna kerfisins og nýrrar námskrár</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynning og framkvæmd á nýjum persónuverndarlögum</li> <li>• Fræðsla tengd Me too</li> <li>• Hvetja starfsmenn til þess að taka þátt í :             <ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfendurannsóknunum,</li> <li>• Þróunarverkefni um leiðsagnarnám,</li> <li>• Fræðslufundum,</li> <li>• Erasmus+ verkefnum</li> </ul> </li> <li>• Samskipti við aðra skóla</li> <li>• Undirbúa skólaheimsókn starfsmanna erlendis</li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2018-2019</small></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þróa aðferðir við að halda utan um námsferla nemenda</li> <li>• Nýta rýnihópa og gögn úr sjálfsmati til þess að bæta skólastarfið</li> <li>• Tilraun um breytta tímatöflu</li> <li>• Þróa áfram skilvirkt umsjónarkerfi í samræmi við nýja námskrá</li> <li>• Auka skilning og þekkingu nemenda og starfsmanna á þriggja anna kerfinu</li> <li>• Ljúka við að skrifa áfanga í nýrri námskrá</li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2018-2019</small></p>

## Umbætur og aðhald

- Vinna áfram að bættu upplýsingaflæði til starfsmanna og nemenda
- Innleiðing og breyting vinnuferla í takt við ný persónuverndarlög
- Aðhald í rekstri
- Áfram unnið með grænt bókhald og sótt eftir viðurkenningu fyrir græn skref í ríkisrekstri

Skjalnúmer og útgáfudagur 2018

Sjálfsmat er tæki til skólaþróunar og í Menntaskólanum við Sund leggjum við áherslu á fjölbreyttar sjálfsmatsaðferðir með virkri þátttöku starfsfólks og nemenda í matsferlinu. Sjálfsmatið er að mestu leyti í föstum skorðum en einnig eru nýjungar prófaðar til að þróa það áfram. Á árinu ber hæst áframhaldandi þróun og innleiðing á aðgerðum gegn brotthvarfi, starfendarannsóknir kennara og þróunarverkefni um leiðsagnarnám í MS. Skólinn þakkar kærlega fyrir veittan Erasmus+ styrk fyrir námsferðir starfsfólks erlendis og fyrir styrk úr Sprotasjóði fyrir þróunarverkefni um leiðsagnarnám. Sjálfsmatshópur, nemendur og starfsmenn MS, sem tóku þátt í matinu á skólaárinu 2017 til 2018 fá bestu þakkir fyrir þátttöku í sjálfsmati í MS.

Reykjavík 19. október 2018

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund



Helga Sigríður Þórsdóttir, konrektor



### **Heimildir**

Aðgerðaráætlun um sjálfsmat 2017-2018. Heimasíða Menntaskólans við Sund, <https://www.msund.is/skolinn/stefna-skolans/sjalfsmatsstefna/adgerdaaetlun-i-sjalfsmati-2017-2018>

Anna Sigurðardóttir (2017). Innleiðing aðgerða gegn brotthvarfi nemenda frá Menntaskólanum við Sund skólaárið 2016-2017. Sótt af á heimsíðu menntaskólans við Sund, <https://www.msund.is/fraedsluefni/skyrslur>

Black, P. og Wiliam, D. (2001). Inside the Black Box. Raising Standards Through Classroom Assessment. BERA.

Black og Wiliam. (2009). Developing a Theory of formative assessment í Educational Assessment. Evaluation and Accountability 21:5

Black, P., Harrison, C., Clee, C., Marshall, B., Wiliam, D. (2003). Assessment for Learning. Putting it into practice. Maidenhead: Open University Press

Clarke, S. (2014) Outstanding Formative Assessment. Culture and Practice. London: Hodder Education

Claxton, Guy. (2006). Expanding the capacity to learn a new end for education. Sótt af: <https://www.researchgate.net/publication/242098099>

Hafþór Guðjónsson. (2013). Action research in Iceland: glimpses and reflections. Í McNiff, J. (ritstjóri) Value and Virtue in Practice-Based Research. Bls. 43-53. J. Dorset: September Books.

Helga Sigríður Þórsdóttir. (2018). Leiðsagnarmat í nýju þriggja anna kerfi. Skólaárið 2017-2018. Heimasíða Menntaskólans við Sund, [https://www.msund.is/media/2018/09/05/7x47kb910z\\_Lei\\_asagnarmat\\_n\\_ju\\_riggja\\_anna\\_kerfi\\_Lokask\\_rsla\\_til\\_Sprotasj\\_s\\_2018.pdf](https://www.msund.is/media/2018/09/05/7x47kb910z_Lei_asagnarmat_n_ju_riggja_anna_kerfi_Lokask_rsla_til_Sprotasj_s_2018.pdf)

Hjördís Þorgeirsdóttir (2018). Ársskýrsla um erlent samstarfs í Menntaskólanum við Sund skólaárið 2017-2018. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2018) The Change Room promotes teachers' agency to change their practice. Educational Action Research. <http://dx.doi.org/10.1080/09650792.2018.1436080>

Hjördís Þorgeirsdóttir (2016). Investigating the use of Action Research and Activity Theory to Promote the Professional Development of Teachers in Iceland. Doctorial thesis from University of Iceland and University of Exeter. <http://hdl.handle.net/1946/23886>

Markmið og aðgerðir 2017-2018. Heimasíða Menntaskólans við Sund, <https://www.msund.is/skolinn/markmid-og-adgerdir/markmid-og-adgerdir-2017-2018>

Már Vilhjálmsson (2018): Ársskýrsla Menntaskólans við Sund. Heimasíða Menntaskólans við Sund, [https://www.msund.is/media/2018/04/06/5vwc5pynfn\\_Sk\\_rsla\\_Menntask\\_lans\\_vi\\_Sund\\_til\\_mennta\\_og\\_meningarm\\_lar\\_uneytis\\_2017.pdf](https://www.msund.is/media/2018/04/06/5vwc5pynfn_Sk_rsla_Menntask_lans_vi_Sund_til_mennta_og_meningarm_lar_uneytis_2017.pdf)

Jón Egill Unndórsson. (2018). Yfirlit yfir starf sjálfsmatshóps MS veturinn 2017-2018. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Skólasamningur 2013-2016. (2013). Samningur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Menntaskólann við Sund. <http://gamla.msund.is/page.asp?id=2565&x=>

Wiliam, D. (2018). Embedded formative assessment. Bloomington: Solution Tree Press.

Wiliam, D. (2013). Assessment: The Bridge between Teaching and Learning. Í Voices from the Middle. 21:2

Þóra Víkingsdóttir. (2018). Starfsemi starfendarannsóknarhóps 2017-2018. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.